

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 4. október 2018

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Björn Sigurðsson gjaldkeri, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Eva Hannesdóttir, Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri
Afboða, mæta ekki: Jón Hjaltason varaformaður, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Helga Sigurðardóttir, Emil Örn Harðarson mótastjóri

Fundur settur í fundaraðstöðu SSÍ á skrifstofu sambandsins kl. 17:38

1. Staða verkefna frá síðustu stjórnarfundum

- a. 16. Fundur 23/8 2018
 - i. Dómaraskóli FINA. Ennþá unnið að verkefninu – IHA
- b. 15. Fundur 23/6 2018
 - i. Ekki hefur verið gengið frá skriflegum samningum við EÓG, BRH og ASM vegna Afrekssjóðs og Ólympíusamhjálp. Stefnt að því að ljúka á ÍM25. – IHA, HJO, BS
- c. 14. Fundur 16/5 2018
 - i. Leitað verður tilboða í tryggingar fyrir sundfólk og fylgdarfólks í verkefnum SSÍ – HJO
- d. 13. fundur 21/4 2018
 - i. Ennþá hefur ekki tekist að finna hentuga dagsetningu fyrir afhendingu heiðursviðurkenninga. – HJO
- e. 12. fundur 19/3 2018
 - i. Fréttabréf FINA og LEN eru komin á heimasíðu – EÖH

2. Fundargerðir og skýrslur

- a. Reglulegir verkefnafundir starfsfólks hefjast aftur nú í október

Staðfest

- b. Fræðslunefnd 1/10 2018

Vegna liðar 1 er framkvæmdastjóra falið að gera skriflegan samning við þann eða þá sem munu taka að sér þetta verkefni.

Vegna liðar 3 í fundargerð fræðslunefndar er lagt til að fela fræðslunefnd að útfæra stefnu sambandsins í þjálfaramenntun, þannig að hún geti orðið kafli í Almennri stefnu SSÍ. Þessi vinna má gjarnan byggjast á þeirri stefnu sem nefndin lagði fram á síðasta sundári.

Vegna liðar 4a í fundargerð fræðslunefndar, áréttar stjórn SSÍ mikilvægi þess að allar nefndir vinni í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra SSÍ. Hlutverk framkvæmdastjórans er m.a. að samhæfa starf SSÍ, hafa yfirsýn yfir allt starf innan hreyfingar og gefa stjórn skýrslu um starfið. Ekkert er óeðlilegt við að framkvæmdastjóri skoði alla fleti þeirra mála sem snúa að starfinu og það er engan veginn hægt að túlka það sem svo að hún sé að grípa fram fyrir hendur fræðslunefndar þó hún leiti óformlegra upplýsinga hjá öðrum en nefndinni.

Vegna liðar 4c þakkar stjórn formanni fræðslunefndar frumkvæðið og hvetur hana til að vinna þetta áfram í samstarfi við framkvæmdastjóra SSÍ

Staðfest

3. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	Dags. mótt.	Tekur gildi
Hrefna María Heiðarsdóttir	Sf. Ægir	Sd. Breiðabliks	01.09.2018	01.10.2018
Hólmsteinn Skorri Höskuldsson	Sf. Ægir	Sd. Fjölnis	01.09.2018	01.10.2018
Gunnur Mjöll Birgisdóttir	Sd. Aftureldingar	Sd. Breiðabliks	04.09.2018	04.10.2018
Aþena Karaolani	Sd. Aftureldingar	Sd. Breiðabliks	04.09.2018	04.10.2018
Jón Goði Ingvarsson	Sd. Aftureldingar	Sd. Breiðabliks	04.09.2018	04.10.2018

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 4. október 2018

Þórunn Kolbrún Árnadóttir	UMFN	Sf. Óðinn	08.09.2018	08.10.2018
Sunneva Dögg Robertsson		UMFN	13.09.2018	13.10.2018
Einar Margeir Ágústsson	UMFB	Sundfélag Akraness	14.09.2018	14.10.2018
María Sól Jósepsdóttir	Sd. Breiðabliks	Sd. Fjölnis	20.09.2018	20.10.2018

4. Staðfesting meta

25m laug

Sveinar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	1:15,46	22.09.18	Reykjavík
100m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	1:07,54	22.09.18	Reykjavík
200m fjórsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	2:24,33	23.09.18	Reykjavík

5. Aðsend erindi

Dags	Efni	Sendandi
03.09.2018	Sundþátttaka bara og ungmenna á félagssvæði HSH	HSH/lhá
	<i>Framkvæmdastjóra svarar erindinu og samræmir aðgerðir í þá átt sem beðið er um</i>	
06.09.2018	LEN Europa Cup & Fina World League – WP	LEN/pb
10.09.2018	Tilkynning um þátttöku í landslið	BRH/brh
	<i>Það er mikið gleðiefni að Bryndís Rún Hansen skuli hafa náð þeim bata að hún geti á ný tekið þátt í landsliðsverkefnum SSÍ.</i>	
	<i>Framkvæmdastjóra falið að vinna með henni í því að hún komist á HM25</i>	
01.10.2018	Stutt samantekt vegna veru á ráðstefnu Alþjóða Ólympíunefndarinnar	USJ/usj
	<i>Stjórn SSÍ telur mikilvægt að aðilar í fagteymi SSÍ og aðrir sem þjónusta landsliðsfólk SSÍ komist á ráðstefnur sem gerir þau hæfir í að þjónusta landsliðsfólkið</i>	
02.10.2018	Fundarboð vegna Smáþjóðaleika 2019	ÍSÍ/ÖÓ
	<i>Framkvæmdastjóri og verkefnastjórar sækja fundinn fyrir hönd SSÍ</i>	
02.10.2018	GDPR – Ný persónuverndarlög	ÍSÍ/lrh
	<i>Framkvæmdastjóri ásamt stjórnarmanni Hilmarí Jónassyni vinna í þessum málum áfram í samstarfi við ÍSÍ</i>	
03.10.2018	Formannsskipti í Ægi	Ægir/ÁÁ
	<i>Ásgeir er boðinn velkominn til starfa og Lilju Björnsdóttur þakkað samstarfið og óskað alls velfarnaðar</i>	
03.10.2018	Dagsetning formannafundar ÍSÍ og ráðstefnu, dagsetning Íþróttabings	ÍSÍ/hk
04.10.2018	Drangeyjarsund 2017	HB/hb
	<i>Framkvæmdastjóra og formanni falið að finna hentuga dagsetningu til að afhenda bikar og viðurkenningu. Einnig þarf að kalla til fulltrúa ÍSÍ.</i>	

6. Starfsmannamál

- Í samræmi við fyrri samþykkt stjórnar hafa náðst samningar við Örnú Þórey Sveinbjörnsdóttur og Mladen Tepavcevic um verkefnisstjórn í uppbyggingu landsliða SSÍ til framtíðar.

Staðfest

- Stjórn felur formanni og gjaldkera að semja á ný við framkvæmdastjóra og mótastjóra SSÍ.

Staðfest

- Formaður hættir fastri viðveru á skrifstofu frá og með 1.nóvember 2018. Stjórn felur gjaldkera að uppfæra samning við formann SSÍ í samræmi við það.

Staðfest

7. Atburðadagatal

- Í framhaldi af ráðningu APS og MT í stöður verkefnastjóra landsliða samþykkir stjórn SSÍ að fresta áður boðuðu stefnuþingi SSÍ fram í janúar 2019 þannig að verkefnastjórunum gefist færi á að setja sitt mark á undirbúning þess.

Staðfest

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 4. október 2018

8. Bikarkeppni SSÍ

- a. Er haldin í Kópavogslaug um næstu helgi
- b. Undirbúningur í gangi

9. ÍM25

- a. Fyrir liggur tillaga að samkomulagi milli SSÍ og ÍF um að sameina meistaramót sambandanna, þannig að haldið verði eitt Íslandsmót í sundi í stuttu brautinni annars vegar og í löngu brautinni hins vega.

Mótastjóra og varaformanni falið að ljúka málum

10. HM25 og NM í desember

- a. HM25 er í Kína
 - i. Samhliða því móti er Aquatic ráðstefna FINA sem Bjarney Guðbjörnsdóttir og formaður SSÍ munu sækja
- b. NM er í Finnlandi.
 - i. Stjórn leggur áherslu á að það sundfólk sem ekki tekur þátt í HM25 taki þátt í NM

11. Stjórn og nefndir SSÍ

- a. Jóna Ólafsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir hafa sagt sig frá stjórnarstörfum vegna anna á öðrum vettvangi. Varamenn Eva Hannesdóttir og Helga Sigurðardóttir ganga upp í aðalstjórn. Stjórn SSÍ samþykkir að kalla til starfa Júlíu Þorvaldsdóttur og Ragnar Viktor Hilmarsson.
- b. Landsliðsnefnd
 - i. Magnús Tryggvason formaður
 - ii. Ágúst Júlíusson
 - iii. Bjarney Guðbjörnsdóttir
 - iv. Erla Dögg Haraldsdóttir
 - v. Ingi Þór Ágústsson
 - vi. Málfríður Sigurhansdóttir
 - vii. Ingibjörg Helga Arnardóttir fulltrúi stjórnar SSÍ
- c. Mannvirkjanefnd
 - i. Trausti Gylfason formaður
 - ii. Jóhannes Benediktsson
 - iii. Karl Klein
 - iv. Jón Hjaltason fulltrúi stjórnar
- d. Þjálfaranefnd
 - i. Klaus Jürgen-Ohk formaður
 - ii. Ragnheiður Runólfsdóttir
 - iii. Jacky Pellerin
 - iv. Steindór Gunnarsson
 - v. Bjarney Guðbjörnsdóttir fulltrúi stjórnar

12. Önnur mál

- a. Afrekssjóður
 - i. Framkvæmdastjóri fer yfir lykiltölur og hugmyndafræði
- b. Saga SSÍ og heimildasöfnun

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 fimmtudaginn 4. október 2018

- i. Formaður og varaformaður hafa verið í sambandi við Sigmund Ó Steinarsson blaðamann, með það í huga að hann skrái sögu sambandsins og sundsins á Íslandi.

Stjórn samþykkir að varaformaður fylgi málinu eftir

Fundi slitið kl. 19:10